

## Fundur í stýrihóp 4. apríl 2019 haldinn í Nýheimum kl. 16:00

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Björgvin Erlendsson, Gunnhildur Gísladóttir, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Kolbrún Björnsdóttir, Gunnlaugur Róbertsson og Ragnhildur Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Hópurinn vann með yfirlitsmynd af miðjusvæðinu og stillti upp skapalónum af mismunandi stærð á þeim stöðum sem til greina koma. Skapalónin voru af þeim stærðunum 1.925 m<sup>2</sup> ( stór íþróttasalur), 1000 m<sup>2</sup> (fimleikasalur) og 600 m<sup>2</sup> (líkamsræktarsalur). En þetta eru rýmisþarfir sem áætlað er að þurfi fyrir íþróttastundun til framtíðar. Inni í þessum stærðum er ekki gert ráð fyrir búningaaðstöðu, sturtum, salernum, geymslum eða áhorfendastúku. Rætt var um rýmisþörf skólans í nánustu framtíð og stækkunarmöguleika grunnskólans. Ef ákveðið yrði að færa skólann undir eitt þak í framtíðinni þarf að passa að það verði nægilegt landrými til þess við annan hvorn skólann. Meira var horft til viðbyggingar við Heppuskóla í þeirri umræðu.

### Niðurstaða

Hópurinn leggur til eftirfarandi:

1. Að taka frá svæði 2 og hluta af svæði 3 ásamt skika af bílastæði austan við Heppuskóla. Þessum valkostum er lýst í skipulagsforsögn Alta í kafla 3 um skipulagsáherslur, valkosti á bls. 16. Lagt er til að á þessu svæði verði byggt upp fyrir hópíþróttir, fimleika og fleiri greinar í framtíðinni.

Valkostir	Kostir	Ókostir
<b>2. Æfingavöllur við Víkurbraut.</b> Margir möguleikar eru á stað fyrir íþróttahús á vellinum. Ófullkomið deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið sem þarfnast heildarendurskoðunar. Uppbygging í samræmi við aðalskipulag.	<ul style="list-style-type: none"><li>▶ Gott pláss fyrir mismunandi útfærslur.</li><li>▶ Samnýting bílastæða með sundlaug og Heppuskóla</li><li>▶ Mögulegt að stúka og íþróttahús verði sambyggð sem getur haft ýmsa kosti. Dæmi:<ul style="list-style-type: none"><li>▶ Ný stúka getur verið útiæfingarsvæði eða leiksvæði</li><li>▶ Samnýting búningasklefa með íþróttavellinum.</li><li>▶ Tækifæri til að styrkja götummynd Víkurbrautar.</li></ul></li></ul>	Þrengir að æfingavöllum sem þarf að finna annan stað.
<b>3. Við Bárúna.</b> Möguleg uppbygging á lóðunum við Víkurbraut 5 eða 7, en þar er í dag starfsemi Vegagerðarinnar og hús í einkaeigu. Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.	<ul style="list-style-type: none"><li>▶ Góð tenging við Bárúna og sóknarfæri í samnýtingu aðstöðu.</li><li>▶ Tækifæri í rýmismyndun og skjólmyndun með umhverfihönnun.</li><li>▶ Stækkar íþróttasvæðið og styrkir svæðið við Bárúna.</li><li>▶ Tækifæri til að styrkja götummynd Víkurbrautar</li></ul>	Núverandi virk starfsemi þyrfti að víkja

2. Að byggt verði við sundlaug í vestur fyrir almenna líkamsrækt. Inngangur verði sameiginlegur fyrir sundlaug og líkamsrækt og búningaástaða sundlaugar verði nýtt fyrir báðar einingarnar.

Starfsmannaaðstaða fyrir starfsmenn þessarar einingar íþróttamiðstöðvar verði hönnuð í þeim hluta byggingarinnar sem hýsir inngang og anddyri sundlaugarinnar í dag.

3. Að forgangsraða uppbyggingu mannvirkja með eftirfarandi hætti:
  - a) Stór fjölnota íþróttasalur með búningaástöðu, sturtum og salernum.
  - b) Viðbygging við sundlaug undir líkamsrækt.

### **Rökstuðningur**

Með því að byggja fjölnota íþróttasalinn fyrst losnar núverandi íþróttasalur við Heppuskóla. Hann væri hægt að nýta undir fimleikasal fyrst um sinn. Stækki skólinn eða vilji menn koma honum undir eitt þak þá verði horft til þess að nýta íþróttahús við Heppuskóla í þeirri uppbyggingu og byggja nýjan fimleikasal í tengslum við stóra fjölnota íþróttasalinn.

**Að lokum** var ákveðið að Ragnhildur kláraði fundargerðina og sendi hana út. Þátttakendur í stýrihóp ígrundi þessar niðurstöður yfir helgina og ræði þær við sitt bakland.

Lokafundur stýrihóps vegna þessarar vinnu verður haldinn í fundarsal ráðhúss mánudaginn 8. apríl kl. 18:00. Á þeim fundi leggja fundarmenn fram viðbótar- eða breytingartillögur við þær niðurstöður sem fram koma hér að ofan og lokið verður við tillögugerð og rökstuðning til að leggja fram á fundi fræðslu- og tólmstundanefndar 17. apríl n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið.